



Erindisbréf fyrir kjörstjórn Ásahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs á fyrsta eða öðrum fundi sínum eftir kosningar til sveitarstjórna þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í yfirkjörstjórn Ásahrepps.

Hreppsnefnd getur kosið þrjá aðalmenn og þrjá til vara í undirkjörstjórn, en heimilt er að kjósa hana síðar.

Kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd kýs formann yfirkjörstjórnar en að öðru leyti skiptir kjörstjórnin með sér verkum.

2. g

Meðal verkefna yfirkjörstjórnar er:

- Að annast framkvæmd kosninga í samræmi við fyrirmæli laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
- Að bóka viðtöku framboð, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.
- Að úrskurða um kjörgengi til hreppsnefndar en úrskurði kjörstjórnar má skjóta til hreppsnefndar.
- Að sinna störfum sínum að öðru leyti í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

4. gr.

Yfirkjörstjórn heldur fundi eftir því sem þörf þykir og málefni eru fyrirliggjandi til úrvinnslu. Fundi skal halda eftir þörfum og ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir fulltrúar í kjörstjórninni óska þess.

5. gr.

Formaður boðar til fundar og undirbýr fundi yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn skal halda gerðabók í samræmi við 15. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna og 19. gr. laga um kosningar til Alþingis. Um fundarsköp fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

6. gr.

Um hæfi fulltrúa í yfirkjörstjórn gilda ákvæði 16. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna og 16. gr. laga um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Um þagnarskyldu fulltrúa í yfirkjörstjórn vísast til 19. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

8. gr.

Þóknun fyrir setu í yfirkjörstjórn greiðist samkvæmt samþykkt Ásahrepps um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndastörf.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. mars 2019.